

## **Auglýsing um skipulag – Sveitarfélagið Skagafjörður**

### *Tillaga að deiliskipsbreytingunni – Skagfirðingabraut 51 – Ártorg 1, mjólkursamlagsreitir*

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti þann 19. maí sl. að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Skagfirðingabraut 51 – Ártorg 1, mjólkursamlagsreits, á Sauðárkróki í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst m.a. breytt lóðarmörk, stækkun á byggingarreit Skagfirðingabraut 51 ásamt því að hámarks nýttíngahlutfall eykst. Einnig að heimilt verður að setja niður safntank fyrir etanól og eimingaturn. Aðkoma að Skagfirðingabraut 51 færir og bílastæðum fækkar. Leiðrétt er misskráning á lóðarstærð Ártorgs 1 og verður sameiginleg stærð lóðanna eftir breytingu 30.413 m<sup>2</sup> í stað 30.841 m<sup>2</sup>.

### *Tillaga að deiliskipulagi – Laufsalir í Viðvíkursveit*

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti þann 30. júní sl. að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Laufsalir í Viðvíkursveit í samræmi við 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2021.

Skipulagið tekur til um 21 ha svæðis og í tillögunni felst heimild fyrir byggingu íbúðarhúss, skemmu og frístundarhúss.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 9:00 – 12:00 & 12:30 – 15:00.

Skipulagstillögurnar eru auglýstar frá 15. september til og með 28. október 2021. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir og eða ábendingar við skipulagstillögurnar. Þær skulu vera skriflegar og má afhenda í afgreiðslu ráðhúss við Skagfirðingabraut 21 á Sauðárkróki eða senda á póstfangið, Sveitarfélagið Skagafjörður, Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki. Einnig er hægt að senda ábendingar / athugasemdir á netfangið [skipulagsfulltrui@skagafjordur.is](mailto:skipulagsfulltrui@skagafjordur.is)

### **Nálgast má skipulagsgögnin hér fyrir neðan:**

Skagfirðingabraut 51 – Ártorg 1 – Uppdráttur og greinargerð

Laufsalir í Viðvíkursveit – Uppdráttur

Laufsalir í Viðvíkursveit - Greinargerð

*Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar*